

Niðurfelling fæðisgjalda í grunnskóla

1. Ef tvö systkini eða fleiri með lögheimili í Hafnarfirði eru á grunnskólaaldri veitir Hafnarfjarðarkaupstaður 25% afslátt af hádegismat fyrir annað systkini og 100% afslátt frá og með þriðja systkini í áskrift í grunnskólanum. Systkini eru nemendur sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.
2. Ef um tvö systkini eða fleiri er að ræða þurfa öll eða a.m.k. tvö að vera skráð í hádegismat svo gjald sé fellt niður. Forsjáraðili/ forráðamaður greiðir fullt gjald fyrir hádegisverð yngsta systkinis en veittur er 25% afsláttur fyrir annað systkini og 100% afsláttur ef systkini eru fleiri en tvö á grunnskólaaldri á sama tíma.
3. Sé fjölskyldumynstur annað og/eða systkini er í öðrum skólum en grunnskólum Hafnarfjarðar en kemur fram í 1. grein þarf að sækja sérstaklega um niðurfellingu á *Mínum síðum* á www.hafnarfjordur.is.

Umræddar reglur fylgja í umsóknarforminu á *Mínum síðum*.

Samþykkt í fræðsluráði þann 19. desember 2018 og í bæjarstjórn þann 9. janúar 2019, með breytingum sem samþykktar voru í bæjarstjórn þann 8. desember 2021. Gildir frá 1. janúar 2022.